

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2024 - 2025 - flutt á árspingi Kraftlyftingasambands Íslands

30. mars 2025.

***Þingforseti,
ágætu þingfulltrúar.***

Óhætt er að segja að síðasta starfsár hafi að flestu leyti verið afar árangursríkt í starfi sambandsins. Kraftlyftingapróttin hefur haldið áfram að sækja í sig veðrið á öllum vígstöðvum. HM í kraftlyftingum í búnaði var haldið með glæsibrag á Íslandi í nóvember sl. í Ljónagryfjunni í Reykjanesbæ. Sérstaklega ánægjulegt hefur verið að fylgjast með árangri okkar fremsta afreksfólks á liðnu ári.

Sem fyrr er kraftlyftingahreyfingin er að mestu leyti borin uppi af sjálfbóðaliðastarfi. Stjórn KRAFT vill þakka sérstaklega öllum þeim fjölmörgu sjálfbóðaliðum sem hafa komið að starfinu í hreyfingunni á árinu.

Hjá KRAFT eru tveir launaðir starfsmenn, Lára Bogey Finnbogadóttir og Auðunn Jónsson. Við viljum þakka þeim sérstaklega vel fyrir þeirra frábæru störf. Það er ómetanlegt að hafa slíka kjölfestu í starfi sambandsins sem þau eru.

Stjórnarmönnum vil ég þakka fyrir afar ánægjulegt og gott samstarf á liðnu starfsári. Nú háttar þannig til að ég gef ekki kost á mér sem formaður KRAFT að þessu sinni af heilsufarsástæðum. Við eigum því láni að fagna að hafa mjög öflugna stjórn og starfsmenn og maður mun koma í manns stað.

Formönnum nefnda og öðrum nefndarmönnum eru þökkun þeirra góðu störf á árinu.

Sérstakar þakkir fá fyrrum formenn KRAFT þau Gry Ek Gunnarsson og Sigurjón Pétursson fyrir þeirra ómetanlegu aðstoð í orði og verki.

Samstarfið við ÍSÍ og Afrekssjóð hefur sem fyrr verið afskaplega gott og farsælt og vill stjórn KRAFT þakka þeim kærlega fyrir góð og árangursrík samskipti á árinu. Sömu leiðis hefur samstarf við NPF, EPF, IPF verið með miklum ágætum og Ísland verið virkur þátttakandi á þeim vettvangi. Þá má nefna sérstaklega samstarf við Íþróttasamband fatlaðra sem hefur verið mjög farsælt. Við viljum einnig þakka aðildarfélögum KRAFT og öðrum sem að starfinu hafa komið fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu.

Mun ég nú flytja ykkur helstu tíðindi af liðnu starfsári.

Mannauður og skrifstofa

Stjórn KRAFT var þannig skipuð á liðnu starfsári:
Hinrik Pálsson, formaður
Þórunn Brynja Jónasdóttir, varaformaður

Laufey Agnarsdóttir, ritari
Aron Ingi Gautason, gjaldkeri
Auðunn Jónsson, María Guðsteinsdóttir og Kristleifur Andrésson meðstjórnendur.

Þrír stjórnarmenn ganga úr stjórn nú að loknu tveggja ára kjörtímabili, þau Auðunn, María og Kristleifur. María hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs að þessu sinni. Laufey hefur boðið fram krafta sína til embættis formanns og mun því hennar sæti sem óbreyttur stjórnarmaður að líkindum losna einnig. Því verður væntanlega kosið um fjóra stjórnarmenn að þessu sinni.

Sambandið hefur skrifstofu í íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Lára Bogey hefur fasta viðveru á skrifstofu sambandsins a.m.k. einu sinni í viku eða eftir nánari samkomulagi. Auðunn sinnir starfi íþróttastjóra sambandsins. Magnús Magnússon hefur séð um færslu bókhalds og gerð ársreiknings. Við viljum þakka þeim kærlega fyrir vel unnin störf.

Eftirfarandi nefndir hafa verið starfandi á starfsárinu:

Dómaranefnd: Alex Cambray Orrason formaður, Helgi Hauksson, Laufey Agnarsdóttir og Aron Ingi Gautason og Daníel Geir Einarsson.

Laganefnd: Þórunn Vilbergsdóttir formaður og Sigurjón Pétursson.

Mótanefnd: Ellert B. Ómarsson formaður, Reginn Unason, Þórunn Brynja Jónasdóttir og Þorbjörg Matthíasdóttir.

Landsliðsnefnd: Róbert Kjaran formaður, Ingimundur Björgvinsson, Hjálmar Andrésson og María Guðsteinsdóttir.

Heiðursmerkjanefnd: Gry Ek formaður, Auðunn Jónsson og Kristleifur Andrésson.

Formenn nefnda voru kosnir til tveggja ára árið 2024. Þórunn Lilja hefur óskað eftir því að láta af formennsku í laganefnd og verður því kosið um formennsku í þeirri nefnd.

Samkvæmt skilakerfi ÍSÍ (Sportabler) voru skráðir félagar í KRAFT samtals 1158 í lok árs 2023, nýrri tölur liggja ekki fyrir. Er það svipaður fjöldi og áður. Eftir innleiðingu Sportabler kerfisins hefur KRAFT ekki jafn góða yfirsýn yfir skráðan fjölda iðkenda í hverju félagi.

Aðstöðumál

Sem fyrr eru bætt aðstöðumál ein stærsta áskorun flestra aðildarféлага KRAFT. Má segja aðeins örfá félög séu með viðunandi aðstöðu sem leyfir eðlilegan vöxt og viðgang íþróttarinnar. Það ríður mjög á að aðildarfélögin haldi uppi stöðugum og miklum þrýstingi á sveitarfélögin um úrbætur í þessum efnum. Það er ákveðin vonarglæta að í nokkrum tilvikum hefur tekist að bæta aðstæðu verulega, t.d. hjá Stjórnunni og Massa. KA mun fljótlega komast í viðunandi aðstöðu. Það setur vonandi ný viðmið sem önnur félög geta bent á sem fyrirmyndir hvert í sínu sveitarfélagi.

Litið hefur þokast í málefnum þjódarleikvangs fyrir kraftlyftingar og í raun óljóst á þessari stundu hvort að kraftlyftingaiþróttin muni eiga athvarf til æfinga og/eða mótahalds í nýjum þjódarleikvangi sem stefnt er að því að byggja í Laugardal.

Erlend samskipti og samstarf

Ísland á sem fyrr tvo fulltrúa sem gegna trúnaðarstörfum í alþjóðlegum samböndum á vettvangi kraftlyftinga. Sigurjón Pétursson hefur gegnt embætti varaforseta IPF en tók við sem forseti IPF fyrir nokkrum vikum þegar sitjandi forseti vék skyndilega úr embætti. Kosið verður um nýjan forseta IPF til tveggja ára á ársþingi í júní nk. Gry EK situr áfram í stjórn NPF og er vefstjóri heimasíðu NPF.

Þing IPF var haldið samhliða HM í klassískum kraftlyftingum í Litháen í júní sl. Hinrik Pálsson og Lára Bogey Finnbogadóttir sóttu þingið fyrir hönd Íslands.

Þing EPF var haldið í Malaga á Spáni fyrr í þessum mánuði samhliða EM í klassískum kraftlyftingum. Hinrik Pálsson sat þingið fyrir hönd Íslands.

Þing NPF er haldið annað hvert ár og því var ekki haldið þing samhliða NM unglunga, sem fram fór í Horsens í Danmörku í september sl. Góður samráðsfundur var engu að síður haldinn og helstu mál rædd.

Samstarf Norðurlandanna hefur verið með miklum ágætum og eflist sífellt á öllum stigum. Er það innan NPF, EPF og IPF ásamt því að lið landanna eru dugleg að styðja hvert annað með aðstoð, ráðum og dáð á stórmótum. Áfram heldur vinna Norðurlandanna við að setja upp sameiginlegt þjálfaranámskeið sem fjallar um þjálfun á mótisdag og undirbúning fyrir keppni. Er það m.a. til að mæta kröfum IPF um þjálfaramenntun þeirra sem eru skráðir þjálfarar á stórmótum.

Samstarfið við Íþróttasamband fatlaðra hefur gengið með ágætum og náði hápunkti á árinu á HM í búnaði sem fram fór á Íslandi. Vakti framganga íslenska hópsins þar mikla ánægju og gleði. Lára hefur að mestu séð um tengiliðastarfið og hefur sinnt því af miklum áhuga og fagmennsku. Einnig tók Lára sæti í nefnd IPF um íþróttir fyrir alla sem er mjög jákvætt skref.

Lög og reglugerðir

Tillaga stjórnar um breytingu á lögum KRAFT liggur fyrir þinginu. Markmið þeirrar breytingar er að gera meðferð aga- og deilumála skilvirkari þannig að fyrsti úrlausnarvettvangur mála verði hjá stjórn KRAFT í stað dómstóls ÍSÍ áður. Verði lagabreytingarnar samþykktar er ætlunin að setja frekar reglur um málsmeðferð slíkra mála og yfirfara regluverk KRAFT frekar með hliðsjón af þessu.

Á árinu voru ýmsar reglur og reglugerðir KRAFT yfirfarnar. Meðal breytinga má nefna að reglur um félagaskipti voru rýmkaðar. Nýjar reglur um styrkveitingar og kostnaðarpáttöku í landsliðsverkefnum voru settar fyrir skömmu og gilda um landsliðsverkefni frá og EM í búnaði sem fram fer í maí nk. Tilgangur þeirra er að skýra og samræma kostnaðarpáttöku í verkefnum með hliðsjón af fjárhag sambandsins. Þátttakendur vita þá að hvaða styrk þeir geta gengið að vísum að lágmarki í hverju verkefni. Hugsunin er svo að ef fjárhagur sambandsins leyfir þá verði styrkir hærri en lágmarkið sem reglurnar segja til um. Einnig er það metið af stjórn í hvert sinn ef verkefni eru sérstaklega kostnaðarsöm, t.d. vegna staðsetningar. Þessar nýju reglur eru m.a. tilkomnar vegna þess að fjöldi þátttakenda í

landslíðsverkefnum hefur stóraukist en fjárveitingar hafa enn sem komið er ekki aukist að sama skapi til að halda í við þennan vöxt.

Keppnisreglur IPF tóku smávægilegum breytingum eftir áramótin og sem fyrr hefur Helgi Hauksson haft vanda að því að þýða reglurnar yfir á íslensku. Kunnum við honum bestu þakkir fyrir.

Mótamál

Mikill kraftur var í mótamálum á liðnu ári og óhætt að segja að sífellt verði mótin stærri og veglegri, sem er vel.

Nokkuð vel gekk að láta mótadagskrá ganga upp. Sú nýbreytni var tekin upp á síðasta ári að beina þeim tilmælum til aðildarféлага að senda ekki byrjendur á Íslandsmótið í klassískum kraftlyftingum í opnum flokki og miða jafnframt við að senda ekki keppendur sem vænta mætti að næðu ekki 70 GL stigum á mótið. Það er mat stjórnar að þetta fyrirkomulag hafi gefist vel og úr varð hæfilega stórt og feykilega sterkt mót.

Þess má og geta að í byrjun árs í fyrra komu þau nýmæli inn í keppnisreglur IPF að til að mega keppa á móti í opnum flokki þarf keppandi að lágmarki að vera á 19. ári. Keppendur í aldursflokkunum master 3 og 4 mega heldur ekki lengur keppa í opnum flokki eins og áður var.

Alþjóðleg mót á Íslandi

HM í kraftlyftingum með búnaði í opnum flokki var haldið í Ljónagryfjunni í Reykjanesbæ í nóvember sl. í samstarfi Massa og KRAFT. Mótið var jafnframt úrtökumót fyrir heimsleikana sem fram fara í Kína síðar á þessu ári.

Óhætt er að segja að mótið hafa tekist frábærlega. Aðstaða, tæknimál og samstarf allra aðila sem að mótinu komu var til fyrirmyndar. Umsagnir þátttakenda og IPF tala sínu máli en mótshaldarar fengu einróma lof fyrir allt sem að mótinu kom. Má segja að mótshaldið hafi verið fjöður í hatt íslenskra kraftlyftinga og bæði Massa og KRAFT til mikils sóma. Til að toppa frábært mót gerði Sóley Margrét Jónsdóttir sér lítið fyrir og varð heimsmeistari á heimavelli með yfirburðum í +84 kg flokki kvenna og var það ógleymanleg stund fyrir þá sem hana upplifðu.

Stjórn KRAFT ákvað á árinu að taka ekki þátt í Reykjavíkurleikunum á árinu 2025. Var það bæði vegna þess að mikill kraftur fór í að halda HM og eins að mótshaldið hefur verið mjög þungt í vöfum sl. ár. Lyftingasambandið tók einnig ákvörðun um að vera ekki með á RIG 2025. Má segja að nokkur óvissa ríki um framhaldið.

Norðurlandamót unglunga hefði með réttu átt að fara fram á Íslandi í fyrra en í ljósi þess að Ísland hafði tekið að sér að halda HM í búnaði voru Danir svo vinsamlegir að skipta við okkur og halda NM unglunga 2024. NM unglunga verður haldið í Miðgarði, Garðabæ, í aðstöðu lyftingadeildar Stjórnunnar í september nk.

Miðlar

Upplýsingamiðlun frá sambandinu er fyrst og fremst í gegnum heimasíðuna kraft.is en einnig birtir sambandið tilkynningar, myndefni o.fl. á samfélagsmiðlum. María hefur haft forystu um umsjón heimasíðunnar að mestu og Laufey hefur haldið um samfélagsmiðlana. Einnig höfum við eftir fremsta megni reynt að setja inn efni á samfélagsmiðlana frá mótum og keppnum hérlendis og erlendis.

Mjög góð umfjöllun náðist um HM í búnaði og sérstaklega ánægjulegt að nást skyldi samstarf við RÚV um að sýna frá öllum flokkum á mótinu þar sem íslenskir keppendur voru. Kunnum við RÚV bestu þakkir fyrir samstarfið. Einnig vil ég færa Sigurjóni Péturssyni sérstakar þakkir fyrir að liðka til um þetta samstarf gagnvart IPF.

Ágæt umfjöllun fjölmiðla náðist á árinu um marga aðra viðburði og mót á okkar vegum eða þar sem okkar keppendur tóku þátt. Landslagið í fjölmiðlum þegar kemur íþróttum er þó þannig að stjórnarmenn KRAFT hafa þurft í nánast öllum tilvikum að skrifa fréttirnar fyrir fjölmiðlana og matreiða þær með myndum til þess að eitthvað fái birt. Þetta er því miður veruleikinn sem við blasir.

Mjög vel hefur tekist með að streyma frá innanlandsmótum á Youtube rás KRAFT. Einnig höfum við í nokkrum tilfellum fengið ljósmyndara til að taka myndir á mótum og hefur það mælst vel fyrir þó það sé ekki fastur liður.

Fræðslumál og hæfileikamótun

Heilbrigðisteymi KRAFT er vel skipað og höfum við m.a. notið liðsinnis þeirra í fræðslumálum, bæði á fræðslufundum og við kennslu á þjálfaranámskeiðum. Einnig hafa ýmis önnur fræðsluerindi verið haldin, einkum í tengslum við landsliðsverkefni.

Dómarapróf sem halda átti á Akureyri í febrúar sl. féll niður þar sem ekki var flugfært þá helgi. Áætlað er að halda dómarapróf á höfuðborgarsvæðinu október nk.

Kristleifur Andrésen öðlaðist alþjóðleg dómararéttindi í maí 2024 og óskum við honum til hamingju með að hafa staðist prófið með glæsibrag.

Vegna anna við HM í búnaði náðist ekki að halda þjálfaranámskeiðið Kraflyftingapjálfi I í vetur en áætlað er að taka upp hanskann með árleg námskeið eins og áður í haust.

Segja má að hornsteinninn í hæfileikamótun í flokki unglunga og ungmenna sé undirbúningur og þátttaka í NM unglunga. Sá hópur hefur farið ört stækkandi undanfarin ár og er það stefna okkar að NM sé að jafnaði fyrsta alþjóðlega mótið sem keppendur í þessum aldursflokki taka þátt í. Í undirbúningnum fyrir mótið á síðasta ári voru haldnar samæfingar og fræðsla sem tókst mjög vel.

Landsliðs- og afreksmál

Umsjón landsliðs- og afreksmála er einkum á hendi stjórnar sambandsins, starfsmanna og landsliðsnefndar. Auðunn Jónsson hefur starfað í 50% starfi hjá sambandinu sem íþróttastjóri og er lykilmaður í afreksstarfinu, ásamt Láru sem sér um allt utanumhald og skráningar landsliðsverkefna.

Að jafnaði hafa verið haldnir fræðslufundir og/eða samæfingar með keppnishópum fyrir hvert landsliðsverkefni.

Í fyrra voru 77 skráningar af hálfu KRAFT í landsliðsverkefni á móti 59 árið 2023 (fyrir utan RIG). Þessi fjölgun er ánægjuleg og endurspeglar vel kraftinn í afreksstarfinu. Þessi fjöldun er ekki síst kvennamegin og eru það sérstaklega ánægjulegt að fjöldi þeirra skráninga nálgast að vera jöfn og hjá körlunum. Ofangreint sýnir svart á hvítu umfangið í landsliðsverkefnum sambandsins.

Landsliðslágmörk voru uppfærð í fyrra og gilda ný lágmörk fyrir árin 2025 og 2026. Þau taka mið af alþjóðlegum árangri í hverjum flokki. Lágmörkin höfðu verið þau sömu í fjögur ár, m.a. vegna röskunar á mótahaldi þegar Covid faraldurinn gekk yfir. Óhætt er að segja að keppendur hafi tekið hækkuðum lágmörkum sem hvatningu og bætt sig til að ná þeim og jafnvel meira til.

Árangur keppenda var einstaklega góður, margir ungir og efnilegir keppendur eru að koma fram ásamt því að okkar fremsta afreksfólk í opnum flokki skilaði frábærum afrekum á stóra sviðinu. Þá má ekki gleyma hinum mikla og góða árangri í eldri aldursflokkum sem sýnir hversu breiða skírskotun íþróttin hefur til allra aldurshópa.

Of langt mál væri að telja upp þau fjölmörgu verðlaun og titla sem keppendur náðu en þó verður að minnast á nokkur afrek.

Sóley Margrét Jónsdóttir vann gull á EM og gull á HM í kraftlyftingum í búnaði og tryggði sér þar með keppnisrétt á Heimsleikunum. Einnig bætti hún frækilega heimsmet í samanlögðum árangri í unglingsflokki. Þá náði hún því einnig að komast inn á topp 3 í valinu á íþróttamanni ársins, sem er glæsilegt afrek.

Lucie Martinsdóttir Stefaníková náði frábærum árangri á EM í klassískum kraftlyftingum nú fyrr í mars. Þar vann hún gull í hnébeygju er hún setti Evrópumet í greininni. Þá hlaut hún bronsverðlaun í samanlögðu eftir jafna og harða baráttu um titilinn fram í síðustu lyftur. Árangur hennar á mótinu gaf rúmlega 111 IPF stig sem er besti stigaárangur hingað til í íslenskum kraftlyftingum. Þá vann Kristín Þórhallsdóttir bronsverðlaun í hnébeygju á sama móti.

Það er til marks um kraftinn í afreksstarfinu að Ísland sendi 13 keppendur á EM í klassískum kraftlyftingum á þessu ári og er það langstærsti keppnishópur sem KRAFT hefur sent á alþjóðlegt mót í opnum flokki.

Það er sem fyrr leitun meðal íslenskra íþróttasársambanda að öðrum eins árangri á alþjóðlegum vettvangi.

Kraftlyftingakarl ársins var kosinn Alexander Örn Kárasón, Breiðabliki.
Kraftlyftingakona ársins var kosin Sóley Margrét Jónsdóttir, Breiðabliki.
Stigahæsta liðið í karlaflokki var Breiðablik.
Stigahæsta liðið í kvennaflokki var Kraftlyftingafélag Reykjavíkur.

KRAFT og SBD undirrituðu á síðasta ári styrktarsamning þar sem SBD skaffar KRAFT landsliðsbúninga fyrir landslið Íslands í klassískum kraftlyftingum í opnum flokki og unglingsaflokkum á HM og EM. KRAFT tók jafnframt þá stefnu að kaupa boli og sokka fyrir keppendur í öðrum landsliðsverkefnum og lána keppendum singlet þannig að öll landslið Íslands væru eins búningum. Óhætt er að segja að hönnun landsliðsbúningsins hafi tekist gríðarlega vel. Hefur hann verið í notkun frá og með HM í klassískum kraftlyftingum sumarið 2024.

Afrekssjóður og afreksstefna

Helsta tekjuuppspretta í starfi KRAFT eru framlög frá Afrekssjóði, ásamt tekjum frá Lottó og aðrir ríkisstyrkir. Sjóðurinn úthlutar fé sem eyrnamerkt er tilteknum verkefnum og er það á okkar ábyrgð að nýta styrkinn sem best og hefur það tekist ágætlega á liðnu ári. Samstarfið við sjóðinn hefur verið mjög gott og breytingar á regluverki sjóðsins á síðasta ári voru KRAFT hagfelldar. Þar skiptir miklu máli hversu vel okkar afreksfólki hefur gengið alþjóðlega á undanförunum misserum. KRAFT er flokkað sem afrekssérsamband í hæsta flokki og er það mikið fagnarefni og góður árangur. Fyrir komandi ár njóta fjórir keppendur innan KRAFT einstaklingsstyrkja og er óhætt að segja að hlutur KRAFT í einstaklingsstyrkjum sé með því hæsta sem gerist meðal íslenskra sérsambanda.

Árið 2025 er fyrsta árið þar sem aukið fé kemur til íþróttahreyfingarinnar á grundvelli nýrrar afreksstefnu í viðbótarúthlutun sem fór fram í febrúar á þessu ári. Því miður voru það vonbrigði að KRAFT skyldi aðeins fá um 1,5 milljón króna til viðbótar við fyrri styrk. Ástæðan er einkum sú að KRAFT hafði þegar fengið fremur háa úthlutun miðað við önnur sérsambönd en einnig reiknireglur um hámarkshlutfall úthlutunar af heildarkostnaði afreksstarfs sambandsins. Einn af þeim lærdómum sem draga má af þessu er að þörf KRAFT fyrir tekjur úr fleiri áttum fer vaxandi ef sambandið á að geta nýtt sér til fulls það fjármagn sem kann að vera í boði frá Afrekssjóði. Þessi mál eiga þó eftir að skýrast betur á næstu misserum ef og þegar meiri fyrirsjáanleiki kemst á fjárframlögin frá ríkinu með því að þau fari inn á fjármálaáætlun.

Aron Ingi Gautason gjaldkeri KRAFT mun gera nánari grein fyrir þessu í umfjöllun um ársreikning og fjárhagsáætlun sambandsins.

Uppfærð Afreksstefna KRAFT verður kynnt á þinginu. Að miklu leyti er byggt á fyrri afreksstefnu sambandsins en hún uppfærð eftir því sem þurfa þótti.

Þar með eru upp talin helstu tíðindi af starfinu á liðnu starfsári. Stjórn KRAFT vill aftur þakka öllum sem komu að starfinu á liðnu ári. Við óskum ykkur öllum heilsu, heilla og góðra bætinga á árinu!

30. mars 2025

F.h. stjórnar KRAFT

Hinrik Pálsson, formaður